

RANNSÓKNABORHOLA Í FJALLINU KEIS Í KERLINGAFJÖLLUM

ÁKVÖRÐUN UM MATSSKYLDU

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun allt að 200 m djúprar rannsóknaborholu í norðurhlíð fjallsins Keis í Kerlingafjöllum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hrunamannahrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, auk leyfis forsætisráðuneytisins til framkvæmda innan þjóðlendu samkvæmt 3. gr. laga um þjóðlendu nr. 58/1998. Þá þarf að gera grein fyrir fyrirhuguðun framkvæmdum í því deiliskipulagi sem tekur til þjónustumiðstöðvar í Ásgarði.

Ef af nýtingu jarðhitans verður þarf jafnframt að leita leyfis Orkustofnunar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. nóvember 2011.

6. október 2011

INNGANGUR

Þann 2. september 2011 sendi Fannborg ehf. Skipulagsstofnun tilkynningu um borun rannsóknaborholu í norðurhlíð fjallsins Keis í Kerlingarfjöllum, Hrunamannahreppi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og liðum 2 ci og 3b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hrunamannahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, forsætisráðuneytis, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hrunamannahreppi með bréfi dags. 6. september 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 29. september, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 21. september 2011, Orkustofnun með bréfi dags. 12. september 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. september 2011. Umsögn frá forsætisráðuneyti barst ekki.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvubréfi dags. 20. september 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Um er að ræða borun allt að 200 m djúprar rannsóknaborholu í farvegi lækjarsitru í grunnu gildragi í norðurhlíð fjallsins Keis. Tilgangur borunarinnar er að kanna hvort hægt sé að ná það miklu magni af hæfilega heitu vatni að duga mætti til upphitunar á húsum á vegum framkvæmdaraðila að Ásgarði í Kerlingarfjöllum en orkupörf er talin vera sem næst 100 kW. Í framlögðum gögnum Fannborgar kemur fram að til að komast að borstaðnum þurfi að leggja 40 m langan vegslóða frá núverandi vegslóð sem liggur frá Ásgarði. Við lagningu vegslóðans þarf að gera sneiðingu í halla niður í gildragið en þar verði borplanið útbúið sem láréttur stallur að hámarki 40 m² að stærð. Ekki sé gert ráð fyrir að þörf sé á aðfluttu efni vegna slóðans eða borplansins. Fram kemur að forsendur þess að mögulegt verði að virkja borholuna séu þær að úr henni fáiast a.m.k. 55° heitt sjálfrennandi vatn. Gangi þetta eftir verði lögð um 30-40 mm víð lögn að húsunum að Ásgarði. Lögnin verði grafin niður og muni að mestu leyti liggja meðfram núverandi vegslóða, tæplega 4 km vegalengd. Ef ekki reynist unnt að nýta holuna muni rask vegna vegslóða og borplans verða lagfært og svæðið fært í fyrra horf eins og mögulegt er. Fram kemur að sjónrænum áhrifum sé haldið í lágmarki með því að staðsetja borplan ofan í lækjarfarvegi og vegna umfangs framkvæmdarinnar verði áhrif á jarðmyndanir lítil. Þá sé borsvæði og svæði sem raskist vegna lagnar nánast gróðurlaus og ekki sé vitað til þess að fornleifar séu á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Hrunamannahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlitis Suðurlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að fyrirhuguð orkunýting muni nema um 0.1% af náttúrurlegu varmatapi jarðhitasvæðisins og áhrif nýtingarinnar á auðlindina því hverfandi og muni ekki hafa sjáanleg áhrif á hverasvæði Kerlingarfjalla.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að æskilegast sé að veitulögnin verði að mestu leyti lögð meðfram vegslóða og til að draga sem mest úr sjónrænu áhrifunum ætti hún að vera niðurgrafin. Ekki komi fram í greinagerð hvernig skuli staðið að frágangi til að lágmarka ummerki.

Í svörum Fannborgar kemur fram að reiknað sé með að lögnin verði annaðhvort plægð í jörð eða grafin og fylgi annaðhvort núverandi akvegi eða gömlum akvegi að hluta, þó með þeim fyrirvara að þar sem brattast sé muni lögnin hugsanlega liggja ofanjarðar og á þeim kafla verði hún lögð með handafla þannig að rask og rof verði sem minnst. Fram kemur að öllu raski við lögnina verði haldið í lágmarki enda augljóslega hagsmunir framkvæmdaraðila að sýnileg ummerki hennar verði sem minnst.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða borun allt að 200 m djúprar rannsóknaborholu í norðurhlíð fjallsins Keis í Kerlingafjöllum, gerð borplans og lagningu vegslóða frá núverandi vegslóð að borsvæðinu. Ef niðurstaða borunar verður jákvæð er fyrirhugað að leggja veitulögn tæplega 4 km leið að húsum við Ásgarð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og tl. 2 ci og 3 b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Hér er um að ræða umfangslitlar framkvæmdir en á viðkvæmu svæði þar sem Kerlingaföll í heild sinni eru á nátturuminjaskrá. Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif af gerð borplans og vegslóða til að koma bornum að borsvæðinu verði nokkuð neikvæð í þessu lítt snortna umhverfi. Stofnunin leggur sérstaka áherslu á vandaðan frágang að borun lokinni og ef í ljós kemur að ekki reynist unnt að nýta vatn holunnar til upphitunar húsa í hálendismiðstöðinni í Ásgarði eins og gert var ráð fyrir, verði ummerki um aðkomuslóða og borplan alfarið afmáð. Komi hins vegar til þess að holan verði nýtt verða nokkur neikvæð áhrif af veitulögninni frá holunni niður í Ásgarð, um fjögurra km leið. Einkum má búast við neikvæðum áhrifum á framkvæmdatíma vegna rasks við að grafa eða plægja lögnina niður og einnig kann að vera hætta á rofi af völdum leysingavatns sem þarf að bregðast við með lagfæringum. Það veltur svo á vönduðum frágangi hvernig til tekst með að afmá ummerki en eins og komið hefur fram í greinargerð framkvæmdaraðila þá er það honum sérstakt keppikefli að allur frágangur verði sem bestur þar sem hann rekur ferðamannaþjónustu á svæðinu. Skipulagsstofnun telur að önnur áhrif á náttúrufar verði lítil, svæðið er nær gróðurlaust og lítið er um fugla. Lágmarks neikvæð áhrif verða á jarðmyndanir, þá helst lausar jarðmyndanir en ekki hraun, hverir eða hverasvæði og engar fornleifar hafa fundist sem kunna að verða fyrir áhrifum. Þá er ljóst að fyrirhuguð orkunýting samsvarar einungis 0.1% af náttúrulegu varmatapi jarðhitasvæðisins og mun því hafa hverfandi áhrif á auðlindina.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Fannborgar ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun allt að 200 m djúprar rannsóknaborholu í norðurhlíð fjallsins Keis í Kerlingafjöllum sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hrunamannahrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, auk leyfis forsætisráðuneytisins til framkvæmda innan þjóðlendu samkvæmt 3. gr. laga um þjóðlendur nr. 58/1998. Þá þarf að gera grein fyrir fyrirhuguðun framkvæmdum í því deiliskipulagi sem tekur til þjónustumiðstöðvar í Ásgarði.

Ef af nýtingu jarðhitans verður þarf jafnframt að leita leyfis Orkustofnunar skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. nóvember 2011.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

